

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 sbr. auglýsingu nr. 26 21. janúar 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 679 17. nóvember 1982.

Samgönguráðuneytið, 22. mars 1983.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Halldór S. Kristjánson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grímseyjarhafnar, nr. 190 7. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 0.90 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.45 á brúttórúmllest.
- c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 0.90 á brúttórúmllest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 59.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 293.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.45 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 47.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 16.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 33.80 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 93.00 fyrir hver 1000 kg.

4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 9.10 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 7.70.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 sbr. auglýsingu nr. 26 21. janúar 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 677 17. nóvember 1982.

Samgönguráðuneytið, 22. mars 1983.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Halldór S. Kristjánson.

22. mars 1983

Nr. 233

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Húsavíkur, nr. 184 20. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 0.90 á brúttórúmmlest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.45 á brúttórúmmlest.
- c) Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmmlestum greiði kr. 0.90 á brúttórúmmlest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 59.00 á brúttórúmmlest, þó aldrei minna en kr. 293.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.45 á brúttórúmmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 47.00 af hverri brúttórúmmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.